

\*\*\*\*\*

*Sinfóníuhljómsveit áhugamanna*

# TÓNLEIKAR

í Seltjarnarneskirkju  
sunnudaginn 3. október 2004  
kl. 17:00

Einleikarar: Roine Hultgren og Árni Áskelsson  
Stjórnandi: Ingvar Jónasson

\*\*\*\*\*

Aðgangseyrir er kr. 1000, frítt fyrir börn,  
afsláttarverð kr. 500 fyrir nemendur og eldri borgara

---

## **EFNISSKRÁ:**

**G. Rossini:** Forleikur að óperunni Rakarinn í Sevilla

**Bo Nilsson:** Bass, fyrir túbu einleik, 6 gong og 1 tam-tam

- HLÉ -

**L. v. Beethoven:** Sinfónía nr. 4 í B-dúr, op. 60

Adagio – Allegro vivace

Adagio

Allegro vivace

Allegro ma non troppo

---

## **FLYTJENDUR:**

**Roine Hultgren** nam við Tónlistarháskólann í Stokkhólmi þar sem aðalnámsgreinar hans voru túba og kontrabassi. Kennarar hans þar voru túbuleikarinn Mikael Lind og kontrabassaleikarinn Torvald Fredin. Roine lék á kontrabassa og túbu í Sinfóníuhljómsveitinni í Vesteras 1982-84 og með kammersveitinni í Uppsölum frá 1984-2002 og var meðlimur Linne brasskvintettsins 1984-2002. Roine kennir við Tónlistarskóla Reykjavíkur og Listaháskólann og hefur leikið í Sinfóníuhljómsveit áhugamanna síðan haustið 2003.

**Árni Áskelsson** er upprunninn í Borgarfirði eystra og hóf ungur að slá á trommur. Hann stundaði tónlistarnám, söng, píanó og slagverk, í Tónlistarskóla Kópavogs, Tónlistarskóla Reykjavíkur og Tónlistarskóla FÍH. Árni hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan 1977 og hefur verið helsti þákuleikari Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna allt frá stofnun hennar.

**Ingvar Jónasson** var einn af aðalhvátamönnum að stofnun Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna og hefur verið aðalstjórnandi og driffjöður sveitarinnar frá upphafi. Hann á að baki langan og farsælan tónlistarferil, bæði sem hljóðfæraleikari, kennari og stjórnandi. Hann var félagi í Sinfóníuhljómsveit Íslands þegar á æskuárum hennar, fluttist síðan til Svíþjóðar, lék í hljómsveitum í Malmö og Stokkhólmi, stjórnaði unglinga- og áhugamannahljómsveitum og kom víða fram sem einleikari og með kammerhópum. Eftir heimkomuna lék hann í Sinfóníuhljómsveit Íslands þar til hann fór á eftirlaun.

## Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

### Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

#### 1. fiðla

Helga Ragnheiður Óskarsdóttir  
Hrefna Katrín Guðmundsdóttir  
Sigrún Andrésdóttir  
Jóhannes Vollertsen  
Hildigunnur Rúnarsdóttir  
Ólöf Kristjánsdóttir  
Helga Ásgeirsdóttir

#### 2. fiðla

Páll Eyjólfur Ingvarsson  
Jónína Þ. Thorarensen  
Hólmfríður Þorvaldsdóttir  
Erna Másdóttir  
Helga Andrésdóttir  
Yukiko Kashizuka  
Christophe Joset

#### Víola

Andrea Bramer  
Súsanne Ernst  
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir

#### Selló

Páll Einarsson  
Anna Jórunn Stefánsdóttir  
Henrik Deiting  
Kristín Thoroddsen

#### Kontrabassi

Roine Hultgren  
Kjartan Guðnason

#### Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir  
Gunnar Leó Leósson

#### Pikkolóflauta

Gunnar Leó Leósson

#### Óbó

Sverrir Guðmundsson  
Guðrún Másdóttir

#### Klarinetta

Berglind María Jóhannsdóttir  
Sigurður Steinþórsson

#### Fagott

Rebekka Bryndís Björnsdóttir  
Oddný Þórhallsdóttir

#### Horn

Laszlo Czenek  
Ögmundur Erlendsson

#### Trompet

Jón Hafsteinn Guðmundsson  
Jón Óskar Guðlaugsson

#### Pákur

Árni Áskelsson

## UM HÖFUNDA OG VERK:

**Gioacchino Rossini (1792-1868):** Rakarinn í Sevilla fjallar um sömu persónur og Brúðkaup Fígarós eftir Mozart, og raunar önnur ópera með sama nafni (Rakarinn í Sevilla) eftir Paisello, en allar byggjast óperurnar þrjár á gamanleik eftir Beaumarchais (1775) sem að innihaldi þótti svo byltingarkenndur að hann var bannaður af stjórnvöldum. Frumsýningin á óperu Rossinis í Róm 1816 var nánast bauluð niður af aðdáendum

Paisellos, en þaðan í frá hefur Rakarinn verið í flokki vinsælustu gamanópera. Forleikinn, sem hér heyrir, hafði Rossini áður notað í tvær óperur, Aureliano í Palmira (1813) og Elísabeti Englandsdrottningu (1815). Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flutti forleikinn 26. nóvember 1995, en önnur verk á þeim tónleikum voru 3. hornkonsert Mozarts í Es-dúr (einleikari Þorkell Jólsson) og 5. sífónía Beethovens.

**Bo Nilsson (1937)** vakti athygli í tónlistarheiminum þegar á unglingsárum sínum en þá bjó hann í Malmberget í Norður-Svíþjóð. Um 1960 var hann einn af þekktari höfundum sem skrifuðu nútímatónlist. Smám saman tók hann að skrifa fjölbreyttari tónlist og hann vann á tímabili við bæði kvikmynda- og dægurtónlist. Verkið, sem hér er flutt, var samið fyrir Stockholms Konserthusstiftelse 1977 og tileinkað Mikael Lind túbuleikara.

### **Ludwig van Beethoven (1770-1827): Sinfónía nr. 4 í B-dúr op. 60**

Á starfsferli sínum fram til þessa hefur Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flutt 7 af 9 hljómkviðum Beethovens, eftir eru nr. 7 og 9. Nú, á 15. starfsárinu, flytur hún hina fjórðu í annað sinn, en óvíst er hvenær hringnum verður lokað. Núnda sífónían þykir háleitust verka tónskáldsins, en hin fjórða er í hópi glaðlegra verka hans. Beethoven hætti skyndilega við Hljómkviðuna í c-moll (nr. 5) og samdi í einni lotu Fjórðu hljómkviðuna án þess að gera nokkra frumdrætti að henni, eins og þó var venja hans. Þetta skýrir Romain Rolland þannig í Ævisögu Beethovens að hamingjan hafði komið til hans, en í maí 1806 bundust þau Theresa von Brunswick heitum. Ekki fór það nú vel, en kannski er það skýringin, ef skýringar er þörf. Hins vegar hafa fræðimenn veitt því athygli að oddatölu-hljómkviðurnar - þriðja, fimmta, sjöunda og níunda - eru spámannlegri að innihaldi en jafntölu-hljómkviðurnar. Því fer þó fjarri að þær séu ómerkilegri tónlist, og í fjórðu sífóníunni er að finna margt bæði fagurt og merkilegt. Raunar eru 4. og 7. sífónían stundum nefndar í sömu andráníni - meðal annars fyrir sérlega viðamikinn inngangspátt beggja - en þó er sá munur á að sumir töldu hina sjöundu vera óra drukkens manns eða geðbillaðs, en slíkt hefur engum komið til hugar um hina fjórðu.

---

Hljómsveitin þakkar Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskirkju, Actavis hf. og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.